

Skjal innfært

Skjal nr. **F-398/2024**
Móttaki til þinglýsingar

02. SEP. 2024

Þinglýsingargjald kr. **2700.-**

Grundarstígur 21, Flateyri
Landnúmer: 141133

06. Nóv. 2024



SMU

Grunnleigusamningur fyrir lóð í Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann **18. apríl 2024** leigir Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, sem leigusali, hér með:

Ísafjarðarbæ, kt. 540596-2639,

sem leigutaka, lóð við Grundarstíg 21, fyrir atvinnuhúsnæði, svo sem lýst er í 1. grein samnings þessa, með eftirgreindum skilmálum.

1. grein

Hið leigða er lóðin við **Grundarstíg 21 á Flateyri, sem er 310,0 m² að stærð** og á henni er félagsheimili (F2126452) byggt árið 1942, skráð stærð húsnæðis 218,7 m².

Lögun lóðarinnar og stærð er sýnd á viðfestu mæliblaði Tæknisviðs Ísafjarðarbæjar dags. 2. apríl 2024 sem telst hluti af þessum samning.

Um hina leigðu lóð gildir eftirfarandi:

- Við gróðursetningu trjáa og runna sem og uppsetningu girðingar á lóð skal fara eftir ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og skipulags.
- Leigutaka er skylt að heimila lagningu frárennslis, vatnsæða, raftauga, síma o.fl. þess háttar um leigulóðina án endurgjalds, sé lóð eða mannvirkjum spillt með því, komi fyrir bætur eftir samkomulagi eða mati.
- Kvöð er um aðgengi að hjalli við Ránargötu 5, vegna viðhaldsvinnu.

Vilji bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ekki að loknum leigutímanum leyfa lóðarhafa, öðrum eða báðum, með nýjum lóðarleigusamningi, að láta hús, sem þá er á lóðinni, standa þar áfram, skal bæjarstjórn greiða lóðarhafa sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna.

2. grein – lóðargjöld

Ársleiga hvors lóðarhafa af lóðinni skal vera um 3% - þrír af hundraði – af fasteignamatifasteignar hvors lóðarhafa, eins og ákveðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bæjarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma, þó aldrei hærri en 5% - fimm af hundraði – af fasteignamati. Leigutaki greiðir lóðargjöld til bæjarsjóðs af hinni leigðu lóð, skv. ákvæðum gildandi laga og reglugerða. Fjármámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum, skv. lögum um aðför nr. 90/1989 og eru hús og önnur mannvirki að veði fyrir lóðargjaldinu.

3. grein – gjalddagi

Gjalddagar lóðarleigu er sá sami og gjalddagi fasteignagjalda og er leigan tryggð með forgangsveði í leiguréttindum leigutaka og húsum og mannvirkjum á lóðinni. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir eða samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga, má til lúkningar gera fjarnám í leiguréttindum, húsum og mannvirkjum á lóðinni án dóms eða sáttar skv. ákvæðum laga um aðför nr. 90/1989.

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld af lóðinni til hins opinbera, sem lagðir kunna verða á leigulóðina sem gjaldstofn. Viðhald lóðar er skv. eignarhlutfalli eigenda mannvirkja á lóðinni.

4. grein – Framsal leiguréttar – veðsetning – þinglýsing

Leigutaka er heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn samkvæmt samningi þessum ásamt húsum sínum og mannvirkjum á lóðinni.

Leigutaki greiðir þinglýsingarkostnað af samningi þessum, að öðrum kosti getur bæjarstjórn látið þinglesa hann á kostnað leigutaka.

5. grein, leigutími

Lóðin er leigð til 25 ára, frá dagsetningu samnings þessa.

6. grein

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samrit og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.

Ísafirði, 28. ágúst 2024

Vottar að dagsetningu, fjárræði
og undirskrift aðila:

Rakel S.B. 1904943659

Bogetur Ö. Jónsd.
271283-2539

f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar,


sem leigusali:


f. h. Ísafjarðarbæjar,
sem leigutaki